REGLUGERÐ

um nám kennara sem fullnægja ekki skilyrðum laga nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

1. gr.

Kennarar, sem 1. sept. 1978 höfðu starfað sem settir eða skipaðir við skyldunámsskóla 4 ár eða lengur en fullnægja ekki skilyrðum laga um embættisgengi kennara og skólastjóra nr. 51 1978 til að hljóta skipun í stöðu, eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Þessi réttur er óháður því hvert stöðuhlutfall viðkomandi kennara hefur verið.

2. gr.

Kennarar sem fullnægja skilyrðum 1. gr. hafa rétt til inngöngu í Kennaraháskóla Íslands og rétt til að stunda þar reglulegt nám sem aðrir nemendur skólans. Námi þessara nemenda lýkur með B.ed.-prófi.

3. gr.

Kennarar, sem ekki fullnægja ákvæðum laga nr. 51/1978 um menntun, en hafa verið skipaðir í kennarastöðu, settir um óákveðinn tíma eða starfað sem kennarar settir eða skipaðir í 14 ár eða lengur, hafa réttindi til að hljóta skipun í stöðu við skyldunámsskóla og skulu þeir fá staðfestingu ráðuneytisins á því.

4. gr.

Námið skal að jafnaði skipulagt sem sumarnámskeið, nám heima að vetrinum og námskeið sumarið eftir. Lengd sumarnámskeiða skal vera 3—6 vikur eftir því sem heppilegt er talið og eftir því um hvaða námsgrein er að ræða. Heimilt er að kalla kennara á námskeið að vetrinum ef nauðsynlegt er talið. Skal kennari fá leyfi frá kennslustörfum þann tíma sem námskeiðið stendur án þess að dregið sé af launum hans. Nám í uppeldis- og valgreinum skal vera sambærilegt núverandi námi við Kennaraháskóla Íslands í þessum greinum. Skipulagning námsins innan þess ramma sem hér greinir skal ákveðin innan viðkomandi skora í K.H.Í. og í samráði við nefnd þá sem um ræðir í 8. grein.

5. gr.

Viðkomandi kennarar skulu stunda nám sem hér segir:

a) þeir sem hafa háskólapróf eða stúdentspróf og a. m. k. 9 ára starfsaldur skulu taka uppeldis- og kennslufræði,

b) þeir sem hafa lokið stúdentsprófi og hafa 4—8 ára starfsaldur eða verslunar-, samvinnuskólaprófi, iðnnámi eða öðru námi frá sérskóla og hafa a. m. k. 9 ára starfsaldur skulu taka uppeldis- og kennslufræði sbr. a-lið og auk þess eina valgrein,

c) þeir sem hafa lokið verslunar-, samvinnuskólaprófi, iðnnámi eða öðru námi frá sérskóla og hafa 4—8 ára starfsaldur eða landsprófi (gagnfræðaprófi) og hafa a. m. k. 9 ára starfsaldur skulu taka uppeldis- og kennslufræði, sbr. a-lið, og auk þess tvær valgreinar,

d) þeir sem hafa lokið landsprófi eða gagnfræðaprófi og hafa 4—8 ára starfsaldur skulu taka uppeldis- og kennslufræði, sbr. a-lið, 2 valgreinar, sbr. c-lið, og auk þess almennan kjarna skv. nánari ákvörðun.

6. gr.

Valgreinar sbr. 5. gr. eru m. a.: Íslenska, danska, enska, stærðfræði, eðlisfræði, líffræði, saga og félagsfræði, landafræði, kristinfræði, handavinna, hússtjórn og kennsla yngri barna.

7. gr.

Kennarar, sem hafa mikið nám að baki, geta sótt um að fá að taka próf í viðkomandi námsgrein án þess að hafa stundað nám í henni á vegum K.H.Í., sbr. 6. gr.

8. gr.

Kennarar, sem ljúka námi skv. 5. gr. og fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru, skulu fá skírteini sem votti að þeir hafi lokið námi skv. nefndu bráðabirgðarákvæði og öðlast réttindi til að hljóta skipun í kennarastöður við skyldunámsskóla. Kennaraháskóli Íslands ákveður, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið, hvenær og með hvaða hætti kennarar geta stundað nám skv. reglugerð þessari.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar nefnd til þess að vera K.H.Í. til ráðuneytis um framkvæmd námsins og til þess að úrskurða um vafaatriði sem upp kunna að koma. Í nefndinni skal vera einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Kennaraháskóla Íslands, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Landssambandi framhaldsskólakennara, Sambandi grunnskólakennara, Hinu íslenska kennarafélagi og menntamálaráðuneytinu.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæði til bráðabirgða í lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra nr. 51/1978, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

28. maí 1979. Nr. 245.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1	Orka til almennrar lýsingar ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	kr.	66.00 á kWst.
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	—	88 277.00 árskW.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	kr.	30.55 á kWst.
	Lágmarksgjald	—	450.00 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.		